

Mál nr. 226/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Reykjanesbraut í Hafnarfirði þann 23.3.2013.**Gögn.**

111. Málskot, móttækið 19.6.2013, ásamt fylgigögnum.

112. Bréf X, dags 1.7.2013.

113. Bréf Y, dags. 1.7.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Rakst hún þá á kerru sem dregin var af bifreiðinni B, en B var kyrrstæð þar sem stjórnandi hennar var að lagfæra farm á kerrunni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið suður Reykjanesbraut. Hafi hann séð bifreið „svína“ á annarri bifreið á hægri akrein og hafi hann horft þangað. Þegar hann hafi horft til baka hafi B verið kyrrstæð fyrir framan hann að hálfu uppi á grasi. Hafi hann hemlað og reynt að sveigja frá, en lent á kerrunni sem B dró.

Ökumaður B kvaðst hafa fengið ábendingu frá öðrum ökumanni um að spýtur á kerrunni væru að losna. Hafi hann því stöðvað B að hálfu uppi á grasi og með neyðarljós („hazardljósin“) á og farþegi með honum hafi farið út til að ganga betur frá farminum. Hafi hann þá séð að ökumaður A, sem hafi verið fyrir aftan, hafi ekki verið að horfa fram á veginn. Hafi hann þá flautað, en A hafi lent á kerrunni.

Álit.

Ökumaður A var ekki að fylgjast með umferðinni framundan í þann mund sem hann kom að B. Hann sýndi því ekki þá aðgæslu við aksturinn sem af honum mátti krefjast. Verður áreksturinn rakinn til þessa. Ökumaður B hafði stöðvað að hálfu leyti utan akbrautar sökum þess að farmur hafði losnað á kerrunni. Brýnt var að lagfæra farminn svo hætta myndi ekki skapast af hans völdum. Ómótmælt er að neyðarljós hafi logað á B. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að áreksturinn megi rekja til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.